

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. apríl 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.) (667. mál).

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (tryggingagjald, samsköttun milli skattþrepa o.fl.), á þingskjali 1095.

Frumvarpið er samtíningur af ýmsum tillögum að lagabreytingum úr ranni fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Sumar þeirra eru aðallega tæknilegs eðlis og sér Félag atvinnurekenda ekki ástæðu til að taka afstöðu til þeirra allra að svo komnu máli.

Hér skulu sérstaklega nefndar tvær tillögur frumvarpsins, sem FA telur afar mikilvægt að nái fram að ganga.

Lækkun tryggingagjalds

Með frumvarpinu er lagt til að tryggingagjald verði lækkað um hálf prósentustig 1. júlí næstkomandi, úr 7,35% í 6,85%. Þessi lækkun er í samræmi við samkomulag stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem gert var til að greiða fyrir kjarasamningum í upphafi árs, en þar voru þó engar prósentur eða upphæðir tilgreindar. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að stjórnvöld hyggist beita sér fyrir frekari lækkun tryggingagjalds á komandi árum.

Tryggingagjaldið er skattur sem kemur sérstaklega illa við verzlunar- og þjónustufyrirtæki þar sem laun eru hátt hlutfall kostnaðar. Hækkun gjaldsins var réttlætt með mikilli aukningu atvinnuleysis, sem hefur nú gengið til baka. Ef eitthvað er letur skatturinn fyrirtæki til að bæta við sig starfsfólki.

FA telur afar mikilvægt að haldið verði áfram á braut lækkunar tryggingagjaldsins sem fyrst. Eins og fram kemur í greinargerðinni vantar enn mikið upp á að hækkun gjaldsins eftir bankahrún hafi verið skilað aftur til atvinnulífsins. Á árabílinu 2008 til 2010 hækkaði gjaldið úr 5,34% í 8,65%. Enn vantar því 1,5 prósentustig upp á að hækkanirnar hafi verið teknar til baka.

Áframhaldandi og skjót lækkun tryggingagjaldsins er ein forsenda þess að fyrirtækjum verði gert kleift að standa undir þeim miklu launahækkunum sem samið var um á almennum vinnumarkaði. Í ljósi þess að ríkisvaldið sló tóninn fyrir þær hækkanir er það eðlileg krafa atvinnulífsins að ríkið komi til móts við aukinn launakostnað fyrirtækja með lækkun á sköttum og öðrum álögum á fyrirtæki.

Bann við pöntunar- og netverzlun Fríhafnarinnar

Félag atvinnurekenda hefur gagnrýnt harðlega svokallað Express-þjónustu ríkisverzlunarinnar Fríhafnarinnar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Hún felur í sér að hægt er að panta vörur á netinu án opinberra gjalda og fá svo einhvern sem leið á um Leifsstöð til að sækja þær fyrir sig. Þetta er liður í einkar ósanngjarnri samkeppni Fríhafnarinnar við verzlunina í landinu.


Félagið hefur staðið í ítrekuðum bréfaskiptum við fjármálaráðuneytið um þetta mál frá því í ágúst 2015. FA hefur meðal annars bent á að fjármálaráðuneytið hefur áður stöðvað svipaða þjónustu Fríhafnarinnar, sem þá var rekin í gegnum síma.

FA fagnar því eindregið þeirri tillögu fjármálaráðherra að óheimilt verði að bjóða öðrum en komufarþegum og áhöfnum vörur komuverzlunar Fríhafnarinnar til sölu og hvetur til þess að hún verði að lögum. Tímabært er orðið að koma böndum á stöðuga útpenslustefnu Fríhafnarinnar í ósanngjarnri samkeppni við verzlunina í landinu. Næsta skref hlýtur að vera að takmarka frekar það vöruúrval sem finna má í verzlunum Fríhafnarinnar, en ríkið er nú orðið einn stærsti snyrtivöru-, sælgætis- og nærfatasali landsins.

Að lokum

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum um efni frumvarpsins og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA